

Hvolsskóli- Námsvísir 7.-10. bekkur

Myndlist–umhverfisskreyting, valgrein.

Tími 8 vikur, 90 mínútur á viku.

Kennari: Ingvar Helgason

Algengasta afurð myndlistar eru væntanlega myndverk á blöðum, striga eða öðru efni sem við getum svo hengt upp á veggfleti.

Hér verður hinsvegar leitast við að skapa eitthvað óhefðbundnara og skreyta skólaumhverfið um leið. Nemendur þurfa að hafa góðar hugmyndir í fyrstu tímum áfangans og vinna markvisst.

Markmið:

- Nemendur skynji tækifæri til að auðga umhverfi með listrænu framlagi.
- Efla skipulagshæfni, dugnað, og vinnusemi með ögrandi verkefni.
- Efla umhverfisvitund og umburðarlyndi gagnvart umhverfi.

Kennsla:

- Hugmyndavinna og skissugerð.
- Áætlun og skipulagning.
- Unnið á vettvangi.

Námsmat:

Gefin er kennaraeinkunn í lok áfanga og eftirfarandi þættir metnir:

- Sköpun/frumkvæði 25%
- Færni 25%
- Vinnusemi 25%
- Samskipti 25%